

Ársskýrsla UN WOMEN á Íslandi 2016



Í þágu kvenna um heim allan

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis um allan heim og var stofnuð árið 2011. Starfsemin er eingöngu byggð á frjálsum fjárframlögum aðildarríkja SP, einkaaðila og frjálsra félagasamtaka.

Aðalstöðvar UN Women eru í New York en starfsfólk, sjálfboðaliðar og velunnarar starfa um allan heim. Þá annast svæðisskrifstofur skipulagningu og eftirlit með verkefnum í þeim löndum sem þiggja aðstoð UN Women. Við erum stolt af því að verkefni UN Women eru unnin í samræmi við svæðisbundinn veruleika í Afríku, Asíu og Kyrrahafinu, Suður Ameríku og Karíbaeyjum, Mið- og Austur Evrópu og fyrrverandi Sovétlýðveldum.

Landsnefndir UN Women starfa í fimmtán löndum að því að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækum löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja ríkisstjórnir sínar til að taka þátt í því. Landsnefnd UN Women á Íslandi er ein slíkra landsnefnda.



Ávarp utanríkisráðherra



Til Íslendinga er lítið sem leiðandi þjóðar í jafnréttismálum. Forysta okkar á þessu sviði er sannarlega fagnaðarefni og óneitanlega þykir okkur vænt um að heyra Ísland nefnt í sömu andrá og jafnréttismál á alþjóðavettvangi. Hróður okkar á þessu sviði er engu að síður stöðug áminning til okkar sjálfra að herða róðurinn enn frekar og útrýma hvarvetna mismununun vegna kynferðis.

Þótt margt hafi áunnist í jafnréttisbaráttunni hér á landi hallar á konur á mörgum sviðum samfélagsins. Við eigum til dæmis talsvert í land með að útrýma kynbundnum launmun og leggjum áherslu á að gera enn betur á því sviði. Í utanríkismálum hefur jafnrétti kynjanna lengi verið einn af hornsteinum í stefnu okkar. Valdefling kvenna og barátta gegn kynbundnu ofbeldi hefur sett mark sitt á störf okkar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru rauður þráður í samvinnu okkar við fátækar þjóðir í heiminum, bæði í samstarfslöndum okkar í tvíhliða þróunarsamvinnu og í verkefnum sem við styðjum gegnum alþjóðastofnanir og borgarasamtök.

Fimmta Heimsmarkmiðið kveður á um að jafnrétti kynjanna verði tryggt og að völd allra kvenna og stúlkna verði eflað. Í undirmarkmiðum eru tíundaðir áhersluþættir í þessari baráttu og þar blasir við mynd af því hrópandi órétti sem konur búa við í veröldinni, margvíslegt ofbeldi, mansal og kynferðisleg misneyting, skaðlegir siðir eins og barnahjónabönd og limlesting á kynfærum stúlkna og kvenna, svo dæmi séu nefnd.

Undir fimmta markmiðinu er einnig fjallað um ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf sem þörf er á að viðurkenna og meta, að tryggja þurfi fulla og virka þátttöku kvenna og veita þeim jöfn tækifæri við ákvarðanatöku á öllum sviðum samfélagsins. Það vísar bæði til starfa á opinberum vettvangi, í stjórnámálum og efnahagsmálum og fyrirtækjarekstri - og í einkalífi. Því miður er staðreyndin sú að víðs vegar í heiminum ráða konur litlu um líf sitt, um barneignir og getnaðarvarnir – með þeim afleiðingum að þær festast í fátæktargildru með öllum þeim takmörkunum og ófrelsi sem slíkt hefur í för með sér.

Milljónir kvenna í þeim sporum hafa veika rödd í eigin samfélagi og innan veggja heimilisins. Þess vegna er rík þörf á samtökum eins og UN Women, stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna, til að ljá öllum konum rödd, tala máli kvenna hátt og snjallt. Landnefndin íslenska lætur vel til sín heyra og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frumleika í viðburðum, auglýsingum og fjáröflunum. Landsnefndin sendi á síðasta ári til móðursamtakanna annað hæsta framlag allra landsnefnda í heiminum – og þá er ekki miðað við höfðatölu. Vel gert!

Utanríkisráðuneytið hefur um árábil gert þátttöku karla í jafnréttisbaráttunni hátt undir höfði og stutt myndarlega við bakið á áttakinu HeForShe, nú síðast með gerð sérstakrar verkfærakistu í tengslum við svokallaða rakarastofuviðburði sem ráðuneytið hefur staðið fyrir hjá nokkrum alþjóðastofnunum. Verkfærakistunni er ætlað að hjálpa öðrum að skipuleggja jafnréttisviðburði sem ná til karla og drengja. Þá er forsætisráðherra eins og flestir vita einn af tíu þjóðarleiðtogum sem eru sérstakir málsvarar átaksins.

Ég tek heilshugar undir það sjónarmið að við karlar þurfum ekki hvað síst að breyta viðhorfum okkar til að tryggja jafnrétti kynjanna sem er þegar allt kemur til alls „stærsta verkefni okkar tíma“ eins og Landsnefndin okkar orðar það. Að mínum dómi er jafnrétti líka undirstaða sjálfbærrar þróunar og farsælla samfélaga.

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra



Ávarp formanns



Aldrei hafa fleiri þurft að flýja heimkynni sín og verið á flóttu í heiminum eins og nú. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna telja að fjöldi þeirra sem eru á flóttu í heiminum sé nú mun meiri en eftir síðari heimstyrjöldina og því miður virðist ekkert lát vera á þróuninni. Á síðasta ári var mikið fjallað um straum flóttafólks frá Sílandi, Afganistan og fleiri ríkjum til Evrópu. Konur og börn eru tæplega helmingur þess flóttafólks sem kemur til Evrópu. Margir missa fjölskyldu og ástvini á flóttu. Þá er ferðalagið ekki síður hættulegt og þá sérstaklega fyrir konur og börn. Úttekt UN Women á þeim stöðum þar sem flóttafólk hefur safnast saman leiddi í ljós að aðstæður kvenna væru erfiðar. Mikil hætta er á ofbeldi, kynferðislegri misnotkun eða mansali. UN Women hefur reynt eftir fremsta megni að bregðast við neyð flóttakvenna og lagt áherslu á að tryggja konum vernd og örugg athvörf við öll landamæri og útbúa örugg svefnsvæði fyrir konur og börn þeirra í flóttamannabúðum. Þannig má koma í veg fyrir ofbeldi að næturlagi og veita konum öruggan nætursvefn. Þá hefur verið unnið að því að koma upp aðskildum salernum og sturtuástöðu fyrir konur og karlmenn og dreifa hreinlætisvörum til kvenna. Á árinu 2016 stóð landsnefnd UN Women fyrir tveimur neyðarsöfnunum til styrktar bættum aðbúnaði flóttakvenna og barna þeirra á landamærastöðvum í Evrópu. Stuðningur landsmanna var mikill og söfnuðust tæpar 10 milljónir til þessara verkefna og var fjármunum varið í setja upp örugg athvörf á landamærastöðvum í Makedóníu og Serbíu þar sem konur hafa hlotið öryggi, áfallahjálp í kjölfar ofbeldis og hreinlætisvörur. Þá dreifði UN Women sæmdarsettum til kvenna og stúlkna á svæðinu í kringum írösku borgina Mósul og var um 20 þúsund sæmdarsettum dreift á svæðinu undir lok síðasta árs, þökk sé meðal annars rausnarlegu framlagi almennings á Íslandi sem

studdi dyggilega við átakið. Sæmdarsettin innihalda dömubindi, sápu, tannbursta, tannkrem, hlý teppi, barnaföt, bleiur, uppþvottasápu, handklæði og vasaljós. Yfir milljón kvenna í Írak eru ekkjur og 750 þúsund stelpur undir 15 ára aldri hafa þurft að hætta í skóla. Auk þess hafa 60 þúsund konur í Írak verið giftar á barnsaldri, á aldrinum 15-18 ára. Í Mósul er skelfingarastand og hafa borist hræðilegar lýsingar af þeim grimma veruleika sem konur hafa þurft að þola af hendi ofbeldismanna vígasveita íslamska ríkisins í Írak. Talið er að vígamennirnir hafi haldið um 3500 konum föstum og notað sem kynlífsþræla undanfarin rúm tvö ár. Enn er ekki vitað um fjölda horfinna kvenna. Konur í Írak eru hvorki þátttakendur í ákvörðunartökum né friðarviðræðum auk þess sem þær hafi takmarkaðan aðgang að vinnumarkaðnum. Vegna takmarkaðra réttinda innan þess ríkis þar sem flóttakonur dvelja, leiðast þær oftast út í að starfa við ýmis hættuleg og ólögleg störf. Konur í þessari stöðu eru einnig mun líklegri til að þurfa að þola kynbundið ofbeldi og tala þeirra stúlkna sem giftast barnungar fer því miður hækkandi.

Á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna nú í marsmánuði var rætt um

stöðu og réttindi kvenna á vinnumarkaði og hvaða leiðir séu greiðfærastar við að tryggja konum óheft aðgengi að atvinnu og efnahagslegri valdeflingu. Þar var m.a. rætt um mikilvægi þess að tryggja konum á flóttu efnahagslegt sjálfstæði og gera þeim kleift að halda í reisu sína. Mikilvægt er að eiga náð samráð við konurnar sjálfar áður en þeim er veitt aðstoð við að koma undir sig fótunum og fara inn á vinnumarkaðinn. Eins er mikilvægt að skapa konum raunveruleg, arðbær og samkeppnishæf störf. Þá þarf að byggja upp hæfni hjá konum á flóttu sem nýttist þeim bæði í nýju landi eða í heimalandi sínu ef þær hafa tækifæri og kjósa að snúa aftur. UN Women vinnur eftir sambærilegri aðferðafræði í svokölluðum „cash for work“ verkefnum í flóttamannabúðunum t.a.m. í Za'atari í Jórdaníu, Gado-búðunum í Kamerún og Lusenda í Austur-Kóngó. Um er að ræða griðastaði fyrir konur þar sem þær fá laun fyrir störf sín og hljóta um leið sjálfsefningu. Þeim gefst þar einnig tækifæri til að fá smálán sem gerir þeim kleift að stofna fyrirtæki sem ýtir undir efnahagslegt sjálfstæði þeirra. Því má ekki gleyma að konur á flóttu eru dýrmætur mannauður. Tíminn á flóttu kann að vera langur og aðstæður erfiðar þegar fólk býr langdvölum fjarri heimahögum. Mikilvægt er að reyna eftir föngum að nýta þetta tímabil til uppbyggingar og sjálfsefningar sem nýttist til framtíðar.

Guðrún Ögmundsdóttir

Efnisyfirlit

5	Fjáröflun
8	Vitundarvakning
12	Kynningarstarf og fræðsla
15	Farsælt samstarf við íslensk stjórnvöld
16	Kvenmiðuð neyðaraðstoð
17	Fjármál
18	English Overview
21	Við erum UN Women árið 2015-2016

Fjáröflun



Götukynnar UN Women, sumarið 2016.


Sífelld fleiri veita samtökunum fjárhagslegan stuðning, en landsnefndin reiðir sig á frjáls framlög til að veita konum og börnum tækifæri til betra lífs. Á því var engin breyting árið 2016. Samtökunum bárust á árinu mörg þúsund styrkir, bæði í formi mánaðarlegra framlaga og stakra styrkja – bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Í ár voru skelfilegar aðstæður flóttakvenna og barna þeirra í brennidepli hjá samtökunum en helmingur framlaga landsnefndarinnar rann til verkefna sem ætlað var að bæta aðstæður kvenna á flótta; bæði frá Sírylandi og frá Mósul í Írak. Fjórðungur framlaga rann í verkefni Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis sem berst gegn kynbundnu ofbeldi og var síðan öðrum fjórðungi varið í kjarnaframlög UN Women. Kjarnaframlög tryggja fjárhagslegan grunn verkefna sem samtökin sinna sem og tryggja stuðning við konur í neyðaraðstæðum, svo sem í kjölfar náttúruhamfara.

Mánaðarlegir styrktaraðilar

Mánaðarleg framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum hafa síðustu árin verið dýrmætasta og árangursríkasta fjáröflun

Fjöldi mánaðarlegra styrktaraðila



unarleidd landsnefndarinnar, en 85% af framlagi landsnefndarinnar til verkefna á árinu söfnuðust með styrkjum frá mánaðarlegum styrktaraðilum.

Fjöldi þeirra sem leggja samtökunum lið með mánaðarlegum framlögum jókst mikið á árinu, eða um 16%, og voru þeir í lok árs 2016 orðnir tæplega 5.900. Með slíkan fjölda dyggra stuðningsmanna og -kvenna á bakvið sig gat landsnefndin sent næsthæsta fjárframlag allra fjórtán landsnefnda UN Women, fyrir utan Ástralíu, til verkefna UN Women – annað árið í röð. Tæplega 1.500 manns bættust í hóp mánaðarlegra styrktaraðila á árinu; 64% prósent konur og 34% karlmenn.


Aldrei hefur stærri hópur utan höfuðborgarsvæðisins slegist í hópinn en rétt tæplega þriðjungur nýrra styrktaraðila á árinu býr utan höfuðborgarsvæðisins.

Símaver og götukynningar


Ungt og öflugt fólk sem sinnir fjáröflun í hlutastarfi hjá landsnefndinni, gegnir lykilhlutverki í öflun nýrra styrktaraðila fyrir samtökin og ekki síður í að eiga innihaldsrík og mikilvæg samtöl við landsmenn um kynjajafnrétti allt árið um kring.

Árið 2016 voru úthringingar markvisst starfræktar alla mánuði ársins, að sumarmánuðum undanskildum. Er þetta mikill viðsnúningur frá árinu 2015 þar sem flestar nýskráningar fóru fram í samtölum við götukynna samtakanna yfir sumartímam. Í kjölfar aukinnar áherslu samtakanna á fjáröflun í gegnum símhringingar skráði í fyrsta sinn meirihluti nýrra mánaðarlegra styrktaraðila sig, eða 58% þeirra, í kjölfar samtals við starfsfólk símavars. Götukynnar samtakanna settu einnig sterkan svip á höfuðborgarsvæðið og nærliggjandi svæði áttunda sumarið í röð þegar kraftmikill hópur ungs fólks bauð landsmönnum upp á samtöl um kynjajafnrétti og tækifæri til að skrá sig sem mánaðarlega styrktaraðila. Var

Nýir styrktaraðilar



■ Kona ■ Karl ■ Fyrirtæki



■ Reykjavík ■ Nágrenni Rvk ■ Landsbyggð



Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum (e. UN Trust Fund to End Violence against Women): Helstu áherslur sjóðsins eru afnám ofbeldis gegn konum, aukið aðgengi þolenda ofbeldis að viðeigandi þjónustu og sterkari löggjöf og stefnumótun um ofbeldi gegn konum. Sjóðurinn styður samstarf frjálsra félagsamtaka og stjórnvalda á hverjum stað og býðst þeim að sækja um styrki í sjóðinn. Styrktarsjóðurinn hefur ávallt lagt ríka áherslu á að styrkja grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna. Árlega berast sjóðnum yfir 2.000 umsóknir um styrki til verkefna en aðeins hljóta í kringum 25 verkefni styrk. Um þessar mundir eru rúmlega 100 verkefni starfrækt. Dæmi um verkefni eru uppræting limlestingar kynfæra stúlkna í Gambíu sem og miðstöð fyrir þolendur grófs kynferðisofbeldis í Austur-Kongó.

Konur á flóttu: Samtökin lögðu ríka áherslu á að bæta lífsgæði flóttakvenna sem þurft hafa að flýja einar eða með börnin sín, bæði frá Sýrlandi og Mósul í Írak. Konur sem flýja einar með börn sín eru í sérstakri hættu á að vera neyddar í mansal og veitir stuðningur til þeirra til dæmis vernd og áfallahjálp, líkt og við að vinna úr reynslu sinni af grófu kynferðisofbeldi.

Kjarnaframlög (e. Core contributions): Með tilvist kjarnaframlaga getur UN Women starfað á tryggum grunni á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Framlöggin gera UN Women kleift að halda á lofti verkefnum sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning sem og að geta brugðist samstundis við komi til neyðarástands, s.s. vegna náttúruhamfara, stríðsástands eða farsóttu. Dæmi um verkefni styrkt með kjarnaframlagi er vitundarvakning um Zika veiruna og þjónustu- og upplýsingamiðstöðvar fyrir konur í kjölfar jarðskjálftanna í Nepal.

Samskipti við velunnara

Það er landsnefndinni dýrmætt að halda góðum samskiptum við styrktaraðila sína og aðra velunnara. Landsnefndin kappkostar við að veita styrktaraðilum upplýsingar um starf samtakanna, fréttir af verkefnum, upplýsingar um söluvarning og viðburði og síðast en ekki síst upplýsingar um stóra sigra og smáa í kynjafnréttisbaráttunni. Hefur landsnefndin því sent regluleg fréttabréf á velunnara sem

og prentuð bréf á styrktaraðila. Einnig hefur starfsfólk úthringinga gegnt því mikilvæga hlutverki að þakka stuðningsaðilum reglulega fyrir liðsstyrk sinn ásamt því að fræða þá um hvaða verkefni eru styrkt hverju sinni.

Konur á flóttu í Evrópu

Í ljósi þess mikla straums flóttafólks til Evrópu fyrri hluta árs efndi landsnefndin til sms-neyðarsöfnunar til styrkar konum á flóttu í Evrópu. Þá hafði UN Women gert úttekt á landamærastöðvum Makedóníu og Serbíu, með þarfir flóttakvenna í huga. Í ljós kom að aðstæður voru slæmar og þörfum kvenna og barna þeirra illa mætt á landamærastöðvum. Almenn-ingur hér á landi studdi dyggilega við átakið og gerði meðal annarra UN Women kleift að bregðast við neyð flóttakvenna á svæðunum með því að útvega konum vernd og örugg athvörf við landamærin, örugga svefnaðstöðu, koma upp aðskildum salernum og sturtuadstöðu, setja upp kynjaskipta svefnskála og draga þar með úr kynbundnu ofbeldi auk þess að veita starfsfólki á landamærunum þjálfun í að þekkja einkenni mansals og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar að auki dreifa nauðsynlegum hreinlætisvörum til kvennanna. Þar sem ekkert lát var á flóttamannastraumnum til Evrópu um mitt árið efndi landsnefndin til annarrar neyðarsöfnunar. Stuðningur landsmanna lét ekki síður á sér standa í það skiptið. Samtals söfnuðust um tvær milljónir króna úr neyðarsöfnunum tveimur. Einnig bættu landsmenn og konur um betur og skráði fjöldi mannsig sem mánaðarlega styrktaraðila UN Women við sama tilefni.

UN Women á Íslandi kynnti með stolti Fokk ofbeldi húfuna í febrúar-mánuði. Húfunni var einnig ætlað að



þeim alls staðar gríðarlega vel tekið líkt og starfsfólki símaversins.

vekja fólk til vitundar um konur á flóttu í Evrópu sem leggja líf sitt að veði í leit að öruggara lífi fyrir sig og börnin sín en ágóði sölunnar rann, líkt ágóði sms-neyðarsöfnunarinnar í janúar, til verkefna UN Women á landamæra-stöðvum í Evrópu. Húfan var fyrst og fremst ætluð fullorðnum en orðalag herferðarinnar var vísitandi ögrandi og ætlað að hreyfa við fólk. Húfan var framleidd í takmörkuðu upplagi, kostaði 3,900 krónur og var hún seld í verslunum Eymundsson um allt land sem styrkti herferðina með dreifingu. Óhætt er að segja að húfan hafi slegið í gegn en ótal myndir birtust af stoltum kaupendum bera húfuna á samfélagsmiðlum og seldist hún upp á fimm dögum. Heildarinnkoma sölunnar voru tæpar átta milljónir.

UN Women dreifir sæmdarsettum í Írak

Í nóvember efndi landsnefndin til sms-neyðarsöfnunar og þetta skiptið til styrktar konum á flóttu í Mósul í Írak. Um miðjan október réðust íraskar öryggissveitir ásamt hersveitum Kúrda inn í borgina með það að markmiði að ná borginni úr höndum víga-sveita íslamska ríkisins. Hörð átök í borginni fylgdu innrásinni og gerðu það að verkum að um 70 þúsund íbúar borgarinnar flúðu borgina á mánaðartímabili. Flestir flúðu meðal annars til Ninewa-svæðisins suðaustur af Mósul þar sem búðir flóttafólks risu hratt. UN Women samhæfir aðgerðir á svæðinu með áherslu á þarfir kvenna og dreifir meðal annars sæmdarsettum til kvenna. Í ljósi þess skelfilega ástands, var almenningur hvattur til að senda sms-ið KONUR í 1900 (1,490 kr.) og veita konu á flóttu sæmdarsett sem inniheldur dömubindi, sápu og vasaljós. Til að

vekja athygli á þeim grimma veruleika sem konur í Írak búa við framleiddi UN Women á Íslandi myndband í nafni átaksins #kon-umblæðir, í samstarfi við TM sem kostaði gerð myndbandsins og hönnunarstofuna Döðlur. Í myndbandinu var leikið með dömubindauglýsingu frá níunda áratugnum þar sem markmiðið var að fá áhorfendur til að setja sig í spor konu á flóttu á blæðingum. Myndbandið hlaut mikla dreifingu

og sýndi almenningur hér landi enn og aftur mikinn stuðning. Í kjölfar neyðarsöfnunarinnar hóf landsnefndin sölu á jólagjöf UN Women sem að þessu sinni var einnig sæmdarsett. Jólagjöfin í ár var táknræn gjöf að vanda en um leið jólaskraut sem veitir ljós. Ljósið táknaði þá von og þann kraft sem gjöfin veitir konum á flóttu í Írak sem búa við skelfilegar aðstæður. Jólagjöfin kostaði 3,990 krónur og var gríðarlega vel tekið. Við lok árs 2016 dreifði UN Women í Írak sæmdarsettum til kvenna að andvirði sex milljóna sem söfnuðust með sms-neyðarsöfnuninni og sölu á jólagjöf UN Women. Málefnið hreyfði verulega við landsmönnum en á þriðja hundrað manns bættust einnig í hóp þeirra sem styrkja samtökin með mán- aðarlegum framlögum á tímabilinu.

Reykjavíkumaraþon

Líkt og síðastliðin ár safnaði stór hópur hlaupara fjárframlögum til samtakanna í gegnum árlegt Reykja-



víkumaraþon Íslandsbanka í lok sumars. Tók því kröftugt stuðningslið vel á móti hlaupurunum við hvatningarstöð samtakanna við JL húsið og hvatti þá á endasperttinum. Í þetta skiptið safnaðist rúmlega hálf milljón til verkefna UN Women. Landsnefndin vill því þakka öllum hlaupurum sem söfnuðu framlögum sem og öllum þeim sem studdu við bak þeirra með framlögum sínum.



Vitundarvakning

HeForShe

Hin alþjóðlega hreyfing UN Women, HeForShe er eflaust orðin mörgum kunnug. Með hreyfingunni eru karlmenn og strákar hvattir með ólíkum leiðum til að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti í sínu nærumhverfi. Landsnefnd UN Women hefur leitt vitundarvakningarherferðir fyrir hönd UN Women og íslenska ríkið síðan Emma Watson, velgjörðarsendiherra UN Women ýtti áttakinu úr vör fyrir tveimur árum í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Í ár stóð landsnefndin fyrir tveimur ólíkum HeForShe átökum ásamt því að vekja reglulega athygli á hreyfingunni á samfélagsmiðlum samtakanna og á vefsíðunni heforshe.is sem samtökin halda úti.

UN Women á Íslandi í samstarfi við Körfuknattleikssamband Íslands og Domino's á Íslandi efndi til HeForShe-átaksins Kynjajafnrétti er keppnis dagana 15. mars til 28. apríl. Átakið miðaði að því að hvetja karlmenn hér á landi til að skrá sig á HeForShe.is og beita sér í sínu nærumhverfi fyrir kynjajafnrétti til dæmis með því að sleppa því að hlæja að óviðeigandi bröndurum sem miða að því að niðurlægja konur á einhvern hátt, svara netrollunum þegar þau fara yfir strikið með niðrandi orðalagi í garð kvenna, minna sig reglulega á að það eru ekki til neinar stelpu- eða strákaiþróttir og sleppa því að fara sjálfkrafa í „bleiku“ deildina í dótubúðinni þegar verið er að kaupa gjöf fyrir stelpu og öfugt. HeForShe-átakinu var hleypt af



stað á blaðamannafundi fyrir úrslita-keppni Domino's deildarinnar þar sem allir fyrirliðar og þjálfarar karlalíða deildarinnar skráðu sig sem HeForShe. Myndband var gert til að vekja almenn- ing til vitundar þar sem nokkrir körfu- boltamenn ólíkra liða mættu í myndver og höfðu ekki hugmynd um textarnir sem þeir yrðu beðnir að lesa miðuðu að því að upphefja karladeild Domino's á kostnað kvenna í þeirra í lífi og körfu- boltaiðkun kvenna og stelpna almennt og viðbrögð þeirra mynduð. Þeir voru alls ekki til í það og sýndu þannig stuðning sinn við málefnið í verki. Myndbandið breiddist út eins og eldur um sinu netheima og skráðu yfir eitt þúsund sig sem HeForShe á sólarhring. Hópur ungs fólks á vegum UN Women var viðstatt alla úrslitaleiki keppinnar og bauð gestum að skrá sig sem HeFor- She á heforshe.is. Rúmlega fjögur þús- und manns skráðu sig og hétu því að beita sér fyrir kynjajafnrétti. Þess má geta að myndband átaksins var tilnefnt til tvennra verðlauna á auglýsingaverð- launahátíð Ímark, Lúðrinum.

Ekki hata

Síðar á árinu blés landsnefndin til annars HeForShe-átaks, Ekki hata sem mið- aði að því að vekja fólk til vitundar um netnið gegn konum og stúlkum; höfða til ungs fólks og þá sérstaklega til karlmannna um ábyrgð þeirra, að beita hvorki hatursfullri orðræðu né hóta ofbeldi á netinu. Markmiðið var að hvetja almenning til að tileinka sér gott netsiðferði sem helst í hendur við hugarfarsbreytingu í samfélaginu og samfélagsleg viðmið um hvernig beri að haga sér á netinu. Landsnefndin fékk skáldið og tónlistamanninn Kött Grá Pje til liðs við átakið og samdi hann ljóðabálk, sem samanstóð af sönnum grófum athugasemdum ungs fólks um aðra á netinu. Hann leitaði fanga víða á netinu en þó aðallega á forritunum Kiwi (ASKFM), Youtube og Instagram. Athugasemdirnar voru grófar og vottur um það rætna en dulda kynbundna ofbeldi sem fram fer á netinu. Mynd- bandið og ljóðið vörpuðu ljósi á það rof milli samskipta fólks í raunheimum og samskipta fólks á internetinu, líkt og að



In support of

HeForShe

UN Women Solidarity Movement
for Gender Equality

Kynjafnrétti er

KEPPNIS

Sýndu karakter.

Skráðu þig sem **HeForShe**

Markmiðið með HeForShe er að vekja karlmenn til vitundar og hvetja þá til að leggja baráttunni fyrir kynjafnrétti lið. Hægt er að gera margvísleg virkar kannski smávægilegt en breytir heilmiklu. Karlmenn sýna stuðning, senda skýr skilaboð og eru góðar fyrirmyndir með því að taka ekki þátt í umræðu sem miðar að því að niðurlægja konur.

Skráðu þig á heforshe.is

#HeForShe





aðrar samskiptareglur og „netikettur“ viðgangist á netinu. Átakinu var vel tekið og skráði fjöldi karlmannna og stráka sig sem HeForShe á heforshe.is. Þess má geta að ungmennaráð lands-

nefndarinnar heimsótti fjölda grunn- og menntaskóla með fræðslu um verkefnið og vakti herferðin mikla lukku meðal yngri kynslóðarinnar.

HeForShe 2 ára

Í septembermánuði fagnaði UN Women tveggja ára afmæli HeForShe hreyfingarinnar. Af því tilefni voru fjórar þjóðir valdar sem sýnt hafa fram á markverðan árangur við að jafna hlut kynjanna og er Ísland ein þeirra þjóða. Af því tilefni kom tökulið HeForShe til landsins og fékk að fylgja Gunnari Péturssyni, hjúkrunarfræðingi og tvíbura-þabba að störfum einn dag. Gunnar er sterk HeForShe fyrirmynd og er einn þeirra karlmannna sem tekur þátt í að brjóta niður staðalímyndir um hlutverk kynjanna á vinnumarkaði en hann tekur virkan þátt í átaki Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga með því að hvetja karlmenn til að læra hjúkrunarfræði. Þrjú önnur myndbönd voru gerð í tilefni afmælisins þar sem leiðandi öfl HeForShe hreyfingarinnar voru sóttir heim til Malaví, Indlands og Jórdaníu.





Milljarður rís

Hátt í fjögur þúsund konur, karlmenn og börn dónsuðu af krafti og tóku þátt í dansbyltingunni Milljarður rís, sem UN Women á Íslandi blés til í samstarfi við Sónar Reykjavík fjórða árið í röð. Byltingin árið 2016 var tileinkuð öllum þeim konum á flóttu sem leggja líf sitt að veði í leit að öruggara lífi fyrir sig og börn sín. Dansað var víða um land; í Hörpu í Reykjavík, Listasafninu Ketilhúsi á Akureyri, Félagsheimilinu Herðubreið Seyðisfirði, Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, íþróttahúsi Neskaupstaðar, Þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn og Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Eins var dansað víða um heim gegn kynbundnu ofbeldi eða í rúmlega 200 löndum. Harpa iðaði af fólki á öllum aldri. Óvæntar upptakur einkenndu Milljarð rís í Hörpu en vinningsatriði Hagaskóla í Skrekk 2015, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, var flutt með

nýju „tvísti“ þar sem þær Una, María og Erna settu sig í spor kvenna á flóttu. Unnsteinn Manuel kom dónsurum á óvart og tók lagið. DJ Margeir hélt dansgólfinu trylltu eins og honum einum er lagið auk þess sem skyndilega barst trommusláttur að utan og kom tíu manna trommusveit með Samúel Jóni Samúelssyni í broddi fylkingar arkandi inn í salinn með tilheyrandi látum og stemningu sem leiddi svo iðandi byltingardansara út úr Silfurbergi. Óvenju margar konfettí bombur kórónuðu svo stemninguna í lokin og fólk streymdi brosandinn inn í helgina.

Ljósaganga

Konum á flóttu var sýnd samstaða í Ljósagöngu UN Women sem fram fór að kvöldi alþjóðlegs baráttudags Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN

Women á Íslandi ásamt öðrum félagsamtökum hér á landi eru í forsvari fyrir. Yfirskrift Ljósagöngunnar í ár var, Konur á flóttu og leiddi ung kona að nafni Maryam Raísi gönguna ásamt nýjum verndurum samtakanna, þeim Unnsteini Manuel Stefánssyni og Evu Maríu Jónsdóttur. Maryam Raísi flutti viðstöddum hugvekju þar sem hún sagði frá lífi sínu undanfarin fimmtán ár á flóttu sem ein-kennst hefur af mikilli óvissu og kvíða. Þátttaka Maryam í göngunni í ár var táknræn fyrir þá hörmulegu stöðu sem milljónir flóttakvenna um allan heim búa við. Að ræðu hennar lokinni leiddi hún gönguna ásamt Unnsteini og Evu Maríu frá Arnarhóli að Bríetartorgi þar sem viðstaddir yljuðu sér á kakóbolli.

UN Women á Íslandi og samfélagsmiðlar

Stór hluti kynningarstarfs landsnefndarinnar fer fram á samfélagsmiðlum og var árið 2016 engin undantekning. FO húfurnar voru eingöngu auglýstar á samfélagsmiðlum; þar af á Facebook og Instagram undir kassamerkinu #fokkofbeldi og er óhætt að segja að húfurnar hafi farið farið flug á Instagram en þær seldust upp á fimm dögum. Árangursríkasta herferð landsnefndarinnar, Kynjajafnrétti er keppnis, fór einnig eins og eldur um sinu á samfélagsmiðlum en myndband herferðarinnar fékk yfir 50 þúsund áhorf á Facebook á örfáum klukkustundum. Yfir fjögur þúsund manns skráðu sig á www.hefor-she.is og tóku þátt í hreyfingunni. Að sama skapi auglýsti landsnefndin sms-neyðarsafnanir fyrir konur á flóttu á samfélagsmiðlum og með google auglýsingum.



Kynningarstarf og fræðsla



Fyrirlesarar á Hvatningarverðlaunum jafnréttismála 2016.

Starfskonur skrifstofu landsnefndarinnar ásamt ungmennaráði UN Women halda úti öflugu kynningarstarfi um verkefni og starfsemi UN Women. Starfsemi landsnefndarinnar var meðal annars kynnt á árinu fyrir þingmönnum, Vitamín - hópi Hins hússins fyrir ungt fólk í atvinnuleit, fyrir Kvennaráðstefnu ASÍ, Háskóla unga fólksins, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, starfsfólki utanríkisráðuneytisins, þingmönnum Evrópusambandsins og meðlimum Soroptimista- og Zontafélögum hér á landi.

Hvatningaverðlaun jafnréttismála

UN Women á Íslandi í samstarfi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð stóðu að Hvatningarverðlaunum jafnréttismála sem afhent voru á morgunfundi í Háskólanum í Reykjavík þann 25. maí

tæki til að gera slíkt hið sama. Þetta árið féllu verðlaunin í skaut Íslandsbanka og veitti Birna Einarsdóttir, bankastjóri verðlauninum viðtöku. Fram kom m.a. annars í áliti dómnefndar að fyrirtækið hafi lagt ríka áherslu á jöfn tækifæri kvenna og karla og með markvissum hætti aukið hlut kvenna í yfirstjórn þess og þar með aukið hlut kvenna í karllægum geira. Á fundinum héldu ýmsir aðilar úr atvinnulífinu erindi. Þeirra á meðal var Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og handhafi Hvatningarverðlaunanna 2015, sem ræddi mikilvægi þess að „fremja“ jafnrétti og ítrekaði að það þyrfti að koma að ofan innan fyrirtækja til að virka sem skyldi. Auk

Bjarna ræddi Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, þann styrk og aukna arðsemi fyrirtækja sem hafa fjölbreytta starfsmannahópa og stjórnunarteymi. Dr. Þórunna Jónsdóttir, deildarforseti viðskiptadeildar við Háskólann í Reykja-

undir yfirskriftinni „Er pláss fyrir jafnrétti í nýsköpun?“ Verðlaunin voru veitt í þriðja sinn og er markmiðið með þeim að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrir-

Ungmennaráðið seldi Fokk ofbeldi húfur á Milljarður rís.



vík hélt erindið „Er þetta ekki bara komið?“ og ræddi m.a. hvaða þættir væru metnir að verðleikum við hæfnismat kvenna og karla í atvinnulífinu. Að lokum fjallaði Hrund Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, um mikilvægi þess að ná jafnt til karla og kvenna í nýsköpunarheiminum.

Fundur kvennanefndar SP

Framkvæmdastýra og herferðarstýra landsnefndar UN Women sóttu 60. fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem fram fór að vanda í New York í marsmánuði. Heimsmarkmið SP og valdefling kvenna var í fyrirrúmi þar sem margir telja að fimmta markmiðin er snýr að jafnrétti kynjanna sé það brýnasta þar sem að það helst í

hendur við öll hin markmiðin. Konur á flóttu var umræðuefni sem fór mikið fyrir og var mikill þrýstingur settur á alþjóðasamfélagið að tryggja öryggi kvenna og stúlkna á flóttu. Þó stóð upp úr endurkoma Kanada á fund kvennanefndarinnar og lét forsætisráðherra landsins, Justin Trudeau heldur betur til sín taka á fundinum í tengslum við HeForShe hreyfinguna. „Ég mun halda áfram að segja það hátt og snjallt að ég sé feministi. Það þýðir einfaldlega að ég trúi á jafnrétti milli karla og kvenna. Þetta er eins og að segja að himininn sé blár og grasið sé grænt.“ Óhætt er að segja að orð Trudeau hafið vakið mikla lukku.

Fræðsla um konur, frið og öryggi

Líkt og samstarfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women á Íslandi segir til um annast samtökin fræðslu friðargæsluliða og annarra sérfræðinga sem sendir eru út fyrir landsteinana á vegum íslenska ríkisins. Fræðslan lítur að jafnréttismálum með sérstakri áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325, sem varðar konur, frið og öryggi. Framkvæmdastýra landsnefndarinnar sá um fræðslu á árinu og fræddi hún starfsfólk sjö skrifstofa utanríkisráðuneytisins um ályktunina og fjölda útsenda sérfræðinga og friðargæsluliða en samstarf landsnefndarinnar og friðargæslunnar hefur aukist milli ára.





Ungmennaráðið

Ungmennaráð landsnefndar UN Women var stofnað árið 2012 og hefur vaxið ört undanfarin ár. Markmið ungmennaráðsins er að styðja við starf landsnefndarinnar, afla fjár til verkefna, kynna og auka áhuga á starfsemi samtakanna og stuðla að vitundarvakningu og umræðu á meðal jafnaldra um mikilvægi jafnréttis kynjanna og þróunarsamvinnu. Stjórn ráðsins er skipuð formanni og átta stjórnarmeðlimum. Öllum þeim á aldrinum 16-30 ára, sem hafa áhuga á starfsemi UN Women, er heimilt að vera meðlimir. Kristjana Björk Barð-

dal er formaður ungmennaráðs UN Women. „Í byrjun starfsársins fékk Ungmennaráðið samtals 500.000 króna styrk frá Landsvirkjun og Landsbankanum en það opnaði fyrir möguleikann á að halda skólakynningar á landsbyggðinni og halda veglegri viðburði líkt og pub quiz og Zumba-veislu. Á árinu varð mikil aukning á notkun samfélagsmiðla á meðal ungmennaráðsliða og fylgdi því meiri mæting á viðburði. Þess má geta að

ungmennaráðið kom sínum fyrsta styrktarvarningi í sölu og seldi baðsalt til styrktar UN Women. Sömuleiðis óx ungmennaráðið sjálft mikið og stofna þurfti sérstakan verkefnahóp til að halda utan um þann fjölda sem vildi leggja starfinu lið. Árið gekk vonum framur þar sem allt að tíu viðburðir voru haldnir og náði ungmennaráðið til enn fleira fólks en áður innan sem utan höfuðborgarsvæðisins.“



Farsælt samstarf við íslensk stjórnvöld

Landsnefndin á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið (UTN). Samstarfið gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að styðja við jafnrétti kynjanna og efla þróunar-samvinnu. Þau góðu samskipti eru afar gagnleg fyrir aukið upplýsingaflæði milli starfsfólks landsnefndarinnar, utanríkisráðuneytisins, fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og UN Women í New York.

Samstarfssamningur landsnefndarinnar og utanríkisráðuneytisins felur í sér mikilvægt fjárframlag ráðuneytisins til landsnefndarinnar sem gerir henni kleift að vekja almenning hér á landi til vitundar um verkefni UN Women, kynja-jafnrétti og málefni kvenna um víða veröld. Landsnefndin veitir ráðuneytinu almenna ráðgjöf og umsagnir vegna tengdra málefna á alþjóðavettvangi auk þess sem hún sinnir fræðslu um ályktun öryggisráð Sameinuðu þjóðanna númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi fyrir friðargæsluliða og aðra útsenda sérfræðinga á vegum íslenska ríkisins. Þar að auki

er UN Women ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarsamvinnu á Íslandi og eru jafnréttismál þverlæg í öllum verkefnum Íslands. Einnig sér landsnefndin um vitundarvakningu á HeForShe hreyfingunni hér á landi sem er hluti af samstarfssamningi við UTN.

Á árinu 2016 námu samanlögð framlög utanríkisráðuneytisins til UN Women 174.3 milljónum króna. Veitt var kjarnaframlag til UN Women sem nam 120.9 milljónum króna. Framlagið er gríðarlega mikilvægt UN Women sem er tiltölulega ung stofnun og er að vaxa og styrkjast í sessi. Framlagið tryggir stofnuninni svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á átaka- og hamfarasvæðum þar sem þörfin er mikil og bregðast þarf skjótt við. Framlag til landsnefndar UN Women á Íslandi nam 13 milljónum króna og gerir samtökunum kleift að styrkja enn frekar stöðu sína og vekja almenning hér á landi til jafnréttisvitundar. Líkt og undanfarin ár voru veitt framlög til ákveðinna verkefna UN Women. Rúmlega 12 milljóna króna framlag var veitt til Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til

afnáms ofbeldis gegn konum sem styrkir verkefni um allan heim sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum (sjá bls. 6) Auk þess voru áfram veitt framlög sem námu 24 milljónum til verkefna UN Women í Afganistan og Palestínu. Þar að auki var fjögurra milljóna króna framlagi veitt til landsnefndarinnar árið 2016. Framlagið fólst í því að styðja við landsnefndina sem gerði verkfærakistu um Barbershop. Barbershop hugmyndin var þróuð og mótuð af fastanefnd Íslands í New York og felur í sér einstakt tækifæri í að hvetja karlmenn til að taka virkan þátt í að stuðla að jafnrétti kynjanna. Verkfærakista Barbershop var kynnt á 61. fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna 2017 er nú eitt af mikilvægum verkfærum HeForShe hreyfingarinnar.

Samstarfssamningur landsnefndar UN Women og utanríkisráðuneytis var endurnýjaður árið 2015 en þá var fjórði samningurinn undirritaður til þriggja ára í senn. Landsnefndin er afar þakklát því farsæla samstarfi sem hún á við íslensk stjórnvöld.



Kvenmiðuð neyðaraðstoð



Við neyðarástand ýmist vegna átaka eða náttúruhamfara breytist líf fólks á augabragði. Fólk missir vini og ættingja, særist líkamlega og/eða andlega, missir heimili sín og innviðir samfélagsins hrynja. Mikilvægt er að hafa í huga að neyðarástandið sem myndast hefur ólík áhrif á líf kvenna og karla og kynjamisrétti á sér hræðilegar birtingarmyndir í þessum aðstæðum. UN Women gætir þess að tekið sé mið af þörfum kvenna

þegar neyðaraðstoð er veitt á átaka-svæðum. Í neyð eru konur berskjaldaðri en nokkru sinni fyrir ofbeldi en ein af hverjum fimm konum á flóttu hafa þurft að þola kynferðislegt ofbeldi. Af öllum þeim konum sem deyja á meðgöngu eða af barnsburði deyja 60% þeirra á átakasvæðum, konur og börn er fjórtán sinnum líklegri til að deyja við slíka neyð og stelpur eru rúmlega helmingi líklegri til að detta úr námi. Þar að auki er

konum yfirleitt haldið utan við ákvarðanatökur í neyð.

UN Women veitir neyðaraðstoð í þrjátíu löndum víðs vegar um heiminn. Stofnunin starfar á vettvangi í þágu kvenna, kortleggur og gerir úttektir á því hvernig átök og hamfarir hafa ólík áhrif á konur og karla, tryggir að raddir kvenna fái að heyrast, samræmir aðgerðir og styður við starf kvenna- og hjálparsamtaka og tryggir að konum sé veitt öryggi, vernd,

áfallahjálp og sálræna aðstoð í kjölfar kynbundins ofbeldis og þá aðstoð sem konum er brýnust á hverjum stað fyrir sig. UN Women dreifir til dæmis sæmdarsettum til kvenna sem innihalda dömubindi og aðrar nauðsynjar sem gera konum og stúlkum kleift að halda í virðingu sína og reisn. Ávallt er tekið mið af þörfum kvenna eftir aðstæðum og er innihald sæmdarsettanna í takt við þær þarfir.



Helstu tekjur og gjöld

Tekjur

Söfnunarfé Systralagsins	86.476.711
Félagsgjöld	786.000
Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið	13.000.000
Styrkir til reksturs	3.202.770
Aðrar rekstrartekjur og styrkir	16.017.794
Samtals	119.483.275

Útgjöld

Kostnaður vegna fjáröflunar	25.235.593
Kostnaður vegna fræðslu og kynningarstarfs	9.191.825
Viðburðir	3.376.301
Annar rekstrarkostnaður þ.m.t. réttindagæsla	13.645.054
Samtals	51.448.773

Framlög til verkefna UN Women

Konur á flóttu	47.682.629
Styrktarstöður SP til afnáms ofbeldis gegn konum	16.990.424
Framlag í kjarnastjóð UN Women	17.866.914
Heildarframlag til verkefna UN Women	67.422.318

Fjármál

Tekjur á árinu 2016 námu tæplega 119,5 m.kr. Framlög mánaðarlegra styrktaraðila voru eins og undanfarin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og námu um 86,5 m.kr. Framlög þeirra jukust um tæplega 30% frá fyrra ári. Rekstrartekjur og aðrir styrkir námu um 16 m.kr., þar af um 8,6 m.kr. tekjur vegna sölu á FO söluvarningnum.

Framlag landsnefndarinnar til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2016 nam 67,4 m.kr. og jókst um tæplega 20 m.kr. frá fyrra ári. Framlöggin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning og/eða bregðast við ef myndast neyðarástand á borð við náttúruhamfarir eða farsóttir. Líkt og undanfarin ár styrkti landsnefndin Styrktarstöð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum en nýbreytni var að styðja við verkefni sem bættu líf kvenna á flóttu.

Landsnefndin vinnur að fjölmörgum ráðgjafarverkefnum fyrir utanríkisráðuneytið og hefur m.a. umsjón með fræðslu friðargæsluárita og veitir umsagnir vegna starfa eða málefna á fjölþjóðlegum vettvangi er snúa að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Í gildi er samstarfssamningur við ráðuneytið og voru tekjur landsnefndar af honum 13 m.kr. sem einkum er ætlaðar til kynningarmála. Rekstrarstyrkir til landsnefndarinnar námu 3,2 m.kr. og greiddu félagsmenn tæplega 800 þ.kr. í félagsgjöld.


Fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila hélt áfram að vera megináherslan í fjáröflun samtakanna á árinu 2016. Það gerir landsnefndinni kleift að styrkja stóðir reksturs samtakanna og tryggja viðvarandi framlög til verkefna UN Women í fátækustu löndum heims og þar sem neyðin er mest. Kostnaður við fjáröflun, kynningarmál, stjórnun

og rekstur skrifstofu nam rúmum 51,4 m.kr. árið 2016. Hækkun á rekstrarkostnaði milli ára endurspeglar aukin umsvif félagsins en föstum stöðugildum hefur fjölgað um eitt og starfa nú fjórir fastir starfsmenn hjá landsnefndinni. Á árinu var jafnframt aukin áhersla á fjáröflun í gegnum úthringiver samtakanna og á sms-neyðarsafnanir í fjáröflun til styrktar konum á flóttu í Evrópu.


Á árinu 2014 ákvað UN Women að styðja við vöxt landsnefndarinnar og heimila henni tímabundið að halda eftir herra hlutfalli af framlögum til að fjárfesta í fjölgun mánaðarlegra

styrktaraðila og tryggja þannig viðvarandi hækkun á framlagi til alþjóðlegra verkefna UN Women. Samkvæmt samkomulagi verður framtíðarframlag landsnefndar til verkefna 75% af söfnunartekjum en á meðan aðlögunartíma stendur skuldbatt landsnefndin sig til að senda 55 m.kr. til alþjóðlegra verkefna UN Women á árinu 2016. Landsnefndin sendi að jafnaði um 66% af söfnunartekjum á árinu 2016 eða 67 m.kr. framlag til alþjóðaverkefna UN Women sem er rúmlega 20% herra framlag en skuldbindingar og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Skipting framlaga til UN Women á Íslandi árið 2016



Framlög til verkefna UN Women 2016



English Overview

Fundraising

Monthly donations

UN Women relies solely on voluntary contributions from the public with monthly donations as well as from the private sector to enhance gender equality and the empowerment of women. The number of monthly donors, the heart of the NCI, continues to be the main fundraising method of the organization and has consistently grown since 2009. The NCI continued its committed support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women alongside Core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes. These contributions sustain programmes supported

by UN Women and affirm support for gender equality by the end of 2016, the number of monthly donors was a little less than 5.900, a 16 percent increase from the year before. Of those, 64 percent of new donors were women and 34 percent were men. Loyal monthly givers enable the NCI to send the second highest contribution of all National Committees to projects supported by UN Women all over the world.

New donor acquisition

In 2016, the NCI emphasized recruitment of new monthly donors through its telemarketing center. This has proved to be the NCI's most effective strategy to grow the number of

monthly givers with almost 60 percent of the year's individual signups through this channel. The NCI also continued with Face2Face, which started in 2009. This is another effective way to reach the public with and have a dialogue about gender equality while signing up new monthly donor members in Reykjavik and surroundings. Both groups consist of young and passionate part time staff members.

Humanitarian Assistance

Disasters kill more women than men, and hit women's livelihoods hardest. According to UN reports, 60 percent of all maternal deaths take place in humanitarian settings and all forms of gender-



based violence against women and girls spike during disasters and conflict. During crises, such as conflict or disasters, women often endure extreme hardship such as increased violence and insecurity, restricted mobility, and additional care, domestic and livelihood responsibilities. Their needs and interests differ, as do their resources, capacities and coping strategies. Women are often the first responders to a crisis, and they play a central role in the survival and resilience of families and communities. UN Women fulfils its humanitarian role by providing coordination and leadership, technical expertise, capacity-building, and evidence-based response and advocacy to the global humanitarian system. The NCI supports various assignments around the world through UN Women's Core contributions along with other earmarked contributions such as providing women in Mosul and surroundings dignity kits and refugee women in Europe women's only spaces in Macedonia and Serbia.

Dignity kits for women from Mosul

The NCI supported UN Women's Humanitarian Assistance to refugee women in Iraq. Since the military operations to retake Mosul from the Islamic State of Iraq and the Levant (ISIL) began on 17 October 2016, the humanitarian crisis has deepened. With generous support from the Icelandic public and monthly donors, the NCI was able to support UN Women in Iraq's distribution of dignity kits to newly displaced women and girls from Mosul.

Women refugees in Europe

In 2015 over one million women and men sought asylum in Western Europe, resulting in the largest refugee crisis in Europe since World War II. UN Women

in Central Asia and Europe made a gender assessment of the humanitarian response in Serbia and FYR Macedonia to gain a better understanding of the specific needs, priorities and risk factors facing women and girls. The NCI launched a text message campaign in February and sold special beanies in Eymundsson bookstore around the country. By buying the beanie, people showed solidarity with refugee women from Syria in Europe. The beanie trended massively on social media, especially on Instagram and sold out within five days. All proceeds went to UN Women's assignments in transit centers in Serbia and Macedonia to provide immediate service to women and their children such as multipurpose women only spaces that provide women and girls a space where they are not under a threat of gender-based violence.

Gift Cards

The NCI's gift cards make great presents for those who seem to have everything. The NCI has also received big donations from trusted benefactors who at different occasions have turned down conventional presents and asked friends and family to donate to the NCI instead.

The Reykjavik Marathon

Nearly 4.000 USD were raised for the NCI at the annual Reykjavik Marathon. We are grateful to the group of runners who ran in the name of UN Women.

Awareness Raising

#HeForShe

HeForShe is a solidarity campaign for gender equality initiated by UN Women. Its goal is to engage men and boys as agents of change for the

achievement of gender equality and women's rights, by encouraging them to take action against negative inequalities faced by women and girls. In March, the NCI, in collaboration with the Icelandic Basketball Association and Domino's Pizza Iceland launched a HeForShe Campaign called Gender Equality for the Win. A video was made to raise awareness about HeForShe and to encourage men and boys in Iceland to take action and join the movement. Iceland's best basketball players thought they were making a commercial for the Domino's league finals but they didn't know that they were doing an entirely different commercial. They were asked to read discriminating texts about women and girls basketball players, which they all refused to read. The video went viral and over four thousand people joined the movement over a six-week period.

In October, the NCI collaborated with the bank Landsbankinn and, Kött Grá Pje, a local artist to launch another HeForShe Campaign entitled #nohate (#ekkihata). The aim of the campaign was to raise awareness about hate speech and online cyber violence against women and girls. Kött Grá Pje collected online comments on three apps and websites; Kiwi (ASKFM), Youtube and Instagram. His compilation of comments was shocking, to say the least. He created a slam poet that a group of teenagers performed in a powerful video where young boys and men were invited to take a stand against online hate speech against women and join the HeForShe movement.

One Billion Rising

The NCI celebrated One Billion Rising for the fourth time in collaboration with the

music festival Sónar Reykjavík. Nearly 3.500 people around the country escalated their efforts, rose up and danced against gender-based violence. The event took place at Harpa Music Hall in Reykjavík, at Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður, Reykjanesbær, Höfn í Hornafirði and Neskaupstaður. One Billion Rising was a beaming success and has become a sought-after event for people around the country.

Candle Light Walk

On November 25th, in honor of The International Day for the Elimination of Violence against Women the NCI held its annual Candle Light Walk. This year, the NCI honored Torpikey Farrash and Maryam Raísi, a mother and a daughter from Afghanistan, who were trying to lead ordinary lives in Iceland whilst facing a deportation. They led the walk together with the new NCI's ambassadors, Eva María Jónsdóttir and Unnsteinn Manuel Stefánsson that accepted their new roles during the event.

Workplace and school visits

Members of the NCI's Youth Council as well as staff members of the NCI visited different schools and workplaces to promote the work of UN Women. The enthusiastic Youth Council visited many schools throughout the year as well as raising awareness about UN Women and the NCI with representation of various events within universities and other platforms.

Conference on Equal Rights Affairs

Íslandsbanki received the third annual Award for Gender Equality in the Workplace from the NCI in collaboration with Festa – Icelandic Center for Corporate Social Responsibility, SA –

Business Iceland and the Ministry of Industries and Innovation on May 25th 2016. The award was handed out by Ragnheiður Elín Árnadóttir, Minister of Industries and Commerce, at a collaborative conference on gender equality and equal opportunities for both women and men in the innovation sector. The goal of the award is to encourage companies in Iceland to work towards achieving gender equality in all aspects of their businesses. Speakers at the conference were Bjarni Bjarnason on behalf of Reykjavík Energy, the second company to receive the award in 2015. Hilmar Veigar Pétursson from CCP that spoke about gender equality in the gaming industry. Dr. Þórunn Jónsdóttir, dean of the Reykjavík University School of Business also gave an insightful speech on gender equality called "Are we there yet?", and finally, Hrunn Gunnsteinsdóttir, entrepreneur and chairman of the Board of the Technology Development Fund for Innovation gave a speech on the importance of providing both men and women equal opportunities in the innovation sector.

Social Media

The National Committee relies heavily on social media to get its message across and this year was no exception. This year our FO beanies were only advertised on Facebook and through viral photos of Instagrammers through the #fokkof-beldi. Our most successful campaign to date, Gender Equality for the Win went viral and the campaign video that followed got over 50 thousand views on Facebook within a couple of hours. Over 4.000 men and boys

joined the HeForShe movement as a result. Additionally, the Nat Com campaigned for women refugees using only Social Media and google adverts with much success.

Advocacy

Government support

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs have a co-operation agreement that was renewed in 2015. According to the agreement, the MFA stipulated an approx. 115.000 USD contribution to the NCI in 2016. The NCI, in return, works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325, regarding women, peace and security and other related resolutions. As well as all awareness raising on the HeForShe Movement

The Icelandic Government continues to support UN Women as one of four key entities supported by the Ministry for Foreign Affairs. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with approx. 1.5 million USD. The financial support includes a core contribution to UN Women, the UN Trust Fund to End Violence against Women as well as others smaller contributions to other UN Women's initiatives in Afghanistan, Palestine, and the making of the international HeForShe Barbershop Toolbox.





Frá vinstri; Guðrún Ögmundsdóttir, Elín Hrefna Ólafsdóttir, Karen Áslaug Vignisdóttir, Kristjana Sigurbjörnsdóttir, Ólafur Stephensen, Fanney Karlsdóttir, Örn Úlfar Sævarsson, Magnús Orri Schram og Soffía Sigurgeirsdóttir.

Við erum UN Women árið 2015–2016

Formaður

Guðrún Ögmundsdóttir

Varaformaður

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

Gjaldkeri

Karen Áslaug Vignisdóttir

Meðstjórnendur

Elín Hrefna Ólafsdóttir

Fanney Karlsdóttir

Magnús Orri Schram

Ólafur Stephensen

Soffía Sigurgeirsdóttir

Örn Úlfar Sævarsson

Aðalfundur landsnefndar UN Women á Íslandi var haldinn 28. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176 og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Guðrún Ögmundsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu formanns, var jafnframt ein til þess að bjóða sig fram og var því sjálfkjörin.

Tveir nýir stjórnarmeðlimir tóku sæti í stjórn, Elín Hrefna Ólafsdóttir og Fanney Karlsdóttir sem lét af setu í varastjórn félagsins sem var jafnframt lögð niður. Kosið var um að fækka stjórnarmeðlimum um tvo, sem og var gert. Þá gáfu Guðrún Norðfjörð og Hrefna Dögg Gunnarsdóttir ekki kost á sér til áframhaldandi setu og létu Arna Gerður Bang og Frímánn Sigurðsson einnig af sæti í stjórn. Þeim er öllum þakkað kærlega fyrir vel unnin störf.

Starfskonur UN Women á Íslandi:

Inga Dóra Pétursdóttir

Hanna Eiríksdóttir

Marta Goðadóttir

Snædís Baldursdóttir

Þakkir

Ungmennaráð UN Women
Ámundi Sigurðsson
Baldur Már Arngrímsson
Diljá Ámundadóttir
DJ Margeir
Hörður Ásbjörnsson
Hallur Karlsson
Kristján Páll Kolka Leifsson
Starfsfólk Hörpu
Sónar Reykjavík
Körfuknattleikssamband Íslands
Domino's á Íslandi
Kjartan Atli Kjartansson
Pipar
Tobba Ólafsdóttir á Vinnustofunni
Maráþonhlauparar
Sjálfbóðaliðar á Milljarður rís
Kynnar á Milljarður rís; Una, Erna og María
Starfsfólk Eymundsson
TM
Döðlur
Landsbankinn
Tjarnargatan
Allir sem komu að Milljarður rís á Ísafirði, Akureyri,
Seyðisfirði, Neskaupstað, Reykjanesbæ
og Höfn í Hornafirði.
Reitir Fasteignafélag hf.

Landsnefnd UN
Women á Íslandi
Laugavegi 176, 5. hæð
105 Reykjavík
Sími 552 6200
www.unwomen.is